

## AUGLÝSING

### um hækkun sorphirðugjalda í Fjarðabyggð.

Með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og 7. gr. samþykktar nr. 153/2000 um sorphreinsun í Fjarðabyggð hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkt að hækka gjaldskrá fyrir hirðu og eyðingu sorps í Fjarðabyggð nr. 56/2002. Í 2. gr. gjaldskrár verður sorphirðugjald 8.295 kr. og sorpeyðingargjald í 7.140 kr. á hverja tunnu. Hækkun gjalda var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 15. desember 2005 og öðlast þegar gildi.

*Fjarðabyggð, 24. apríl 2006.*

**Gunnar Jónsson,**  
forstöðumaður fjármála- og stjórnsýslusviðs.